



Ráðgjafi hjá Sýni

Sýni auglýsir eftir sjávarútvegsfræðingi eða matvælafræðingi með reynslu í sjávarútvegi í starf ráðgjafa. Leitað er eftir starfsmanni sem er í senn skipulagður, vinnusamur, sjálfstæður, sveigjanlegur og með góða samskiptahæfni. Um er að ræða fullt starf sem er afar fjölbreytt.

Starfið felst í ýmiskonar ráðgjöf í gæðamálum í matvælaiðnaði og þá helst sjávarútvegi, þarfagreiningu viðskiptavina og allt þar á milli. Áhersla er lögð á náið samstarf með völdum viðskiptavinum.

Sýni starfrækir einnig Matvælasólann og er því hluti af starfi ráðgjafa að sinna fræðslu og námskeiðahaldi á vegum skólans.

Helstu verkefni

- Að veita ráðgjöf í gæðamálum.
- Að veita ráðgjöf er varðar staðla, lög og reglugerðir.
- Að sinna fræðslu og kennslu í Matvælasólannum.
- Að sinna þarfagreiningu og samskiptum við viðskiptavini.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í sjávarútvegsfræði eða matvælafræði eða annað sambærilegt nám.
- Reynsla af störfum í sjávarútvegi æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, skipulögð vinnubrögð, frumkvæði og sveigjanleiki.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í faginu.

Umsókn ásamt ferilskrá og fylgibréfi sendist á atvinna@syni.is